

víkur. Þar sem samningar voru eigi um aðra afgreiðslu leigugjaldsins, verður eigi talið, að bæjarsjóður Reykjavíkur eigi sök á þeim drætti, sem orðið hefur á greiðslu leigunnar, þrátt fyrir kröfugerð gerðarbeiðanda í rskj. 3, og þar sem ekkert er fram komið, er bendi til, að Reykjavíkurbær hafi ekki haft bæði vilja og getu til að inna af hendi leigugreiðslur þessar á sinn venjulega hátt, þykir ekki fært að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarpóla kr. 300.00 upp í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fara fram.

Gerðarbeiðandi, Þuríður Bárðardóttir, Tjarnargötu 16, greiði gerðarpóla, Mæðraheimili Reykjavíkur, kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. maí 1949.

Nr. 70/1949. **Kristinn Hallsson** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn

Lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Einar B. Guðmundsson).

Skattamál. Ágreiningur dómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl sl. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að synjað verði um framkvæmd lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 100 frá 29. desember

1948, sem tóku gildi 1. janúar þ. á., skal greiða gjald í ríkissjóð, 20% af matsverði bifreiða, sem ganga kaupum og solum innan lands. Þar sem umræddur skattur er lagður á sölu bifreiða, ber að miða gjaldskylduna við þann tíma, er sala fer fram. Eftir 3. mgr. 31. gr. skal lögreglustjóri innheimta gjaldið, um leið og bifreiðin er skrásett á nafn hins nýja eiganda. Þetta ákvæði lýtur aðeins að innheimtu skattgjaldsins, en haggar ekki þeirri reglu 1. mgr. 31. gr., að gjald þetta miðast við sölutíma.

Í máli þessu er viðurkennt af stefnda, enda fullkomlega sannað, að áfrýjandi keypti bifreið þá, sem í málinu greinir, hinn 13. ágúst 1948 og varð þá eigandi hennar. Með því að lög nr. 100/1948 höfðu þá ekki tekið gildi, var salan skattfrjáls, og skiptir ekki máli samkvæmt framansögðu, þó að skrásetning bifreiðarinnar færi ekki fram fyrr en eftir gildistöku þeirra. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaksins.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Kristni Hallssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1000.00.

Sératkvæði

hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 23/1941, um bifreiðar, skulu bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi skrásettrar bifreiðar tafarlaust tilkynna eigendaskipti lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem bifreiðin er skrásett. Eftir 31. gr. laga nr. 100/1948 skal skattgjald það, 20% af matsverði bifreiðar, sem seld er innan lands, greitt til lögreglustjóra, um leið og bifreiðin er skrásett á nafn hins nýja eiganda. Eftir gildistöku laga nr. 100/1948 hefur skrásetning um eigendaskipti gjaldskyldu í för með sér, án

Þess að gerð sé nokkur undantekning um bifreiðar, sem seldar hafa verið innan lands, áður en síðastnefnd lög gengu í gildi, en eigendaskiptin hafa andstætt lögum ekki verið tilkynnt fyrir en á árinu 1949, enda verður að ætla, að löggjafinn hafi viljað skapa á þenna hátt handhæga og glögga aðferð til ákvörðunar á skattgjaldinu og innheimtu þess. Nú verður að vísu að telja, að seljandi bifreiðar eigi að lokum að inna skattgjaldið af hendi, en þar sem lögveð er í bifreið áfrýjanda fyrir gjaldi því, sem krafizt er lögtaks fyrir í máli þessu, þykir verða að staðfesta úrskurð fógeta, en rétt er að láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

Samkvæmt því, er nú var ritað, teljum við, að dómsorð eigi að hljóða svo: Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 18. marz 1949.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 11. þ. m., hefur lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs krafizt lögtaks í bifreiðinni R-5456, eign Kristins Hallssonar, Lindargötu 15 hér í bænum, til tryggingar gjaldi samkv. 31. gr. laga nr. 100 29. des. 1948, að upphæð kr. 2000.00, með 6% ársvöxtum frá 10. jan. 1949 til greiðsludags auk alls kostnaðar, áfallins og áfallandi.

Gerðarþoli, Kristinn Hallsson, hefur mótmælt framgangi gerðarinnar.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Samkv. því, sem kemur fram í skjölum málsins og aðiljum kom saman um við munnlegan flutning þess, eru málsatvik þessi:

Hinn 13. ágúst sl. keypti gerðarþoli bifreiðina R-5456 af Haraldi Guðmundssyni, Grettisgötu 58A hér í bænum, á kr. 12.000.00, er hann greiddi þá þegar að fullu. Næsta dag fór hann í Útvegsbanka Íslands h/f í því skyni að fá þar lán út á bifreiðina og lagði þá jafnframt inn til bankans afsal fyrir henni, dags. daginn áður. Sama dag tilkynnti hann Sjávátryggingafélagi Íslands h/f eigendaskiptin, en þar mun bifreiðin hafa verið tryggð samkv. 36. gr. bifreiðalaga. Gerðarþoli fór og um þetta leyti eða nokkru síðar á skrifstofu lögreglustjórans í Reykjavík til þess að fá umrædda bifreið skráða á sitt nafn í bifreiðaskrá. Af þessu varð þó ekki, með því að hann hafði ekki í höndum yfirlýsingu seljanda um eigendaskiptin. Leið svo þar til 12. jan. sl., en þá loks barst skrifstofu lögreglustjóra sölutilkynning með undirskrift beggja aðilja.

Lögreglustjóri taldi, að heimta bæri gjald samkv. áðurnefndum lögum af bifreiðasölu þessari, með því að hún var ekki tilkynnt, svo að viðhlítandi væri, fyrir en eftir gildistöku laganna. Var því látið fara fram mat á bifreiðinni 29. jan. sl., og varð matsverð hennar kr. 10.000.00. Þegar lög-

reglustjóri krafði gerðarþola um hið lögákveðna gjald af matsupphæðinni, neitaði hann að greiða það, með því að hann taldi sig ekki gjaldskyldan.

Gerðarbeiðandi byggir lögtakskröfu sína á því, svo sem áður er dregið á, að samkv. 31. gr. laga nr. 100/1948 sé lögreglustjórum falið að innheimta umrætt gjald af matsverði bifreiða þeirra, sem ganga kaupum og sölum, um leið og bifreið sé skrásett á nafn nýs eiganda. Gjaldskyldan miðist við tilkynningardag til bifreiðaskrár, en ekki þann dag, sem sala kunni að hafa farið fram. Skoðun sinni til stuðnings hefur hann bent á 16. gr. 1. nr. 23/1941, en í henni er svo lagt fyrir, að eigenda- eða umráðamannaskipti að skrásettri bifreið skuli tilkynnt lögreglustjóra skrásetningarumdæmis tafarlaust. Af samanburði þessara tveggja lagaákvæða telur hann ljóst vera, að tilætlunin hafi verið, að gjaldskyldan næði til allra þeirra bifreiða, er ekki hefðu verið tilkynnt eigendaskipti að fyrir 1. jan. sl.

Gerðarþoli telur hins vegar þessa skoðun gerðarbeiðanda alranga og heldur því fram, að gjaldskylduna beri að miða við raunverulegan sölu- dag bifreiðarinnar. Skrásetning skipti engu máli í þessu efni, en þótt svo væri, verði honum ekki gefinn að sök sá dráttur, sem varð á því, að umrædd bifreið var ekki fyrr skráð á hans nafn í bifreiðaskrá, heldur sé það gerðarbeiðanda að kenna að verulegu leyti.

Af því, sem fram er komið í málinu, verður eigi dregið í efa, að sala umræddrar bifreiðar hefur farið fram 13. ágúst 1948, eða rúmum 4 mánuðum fyrir gildistöku laga nr. 100 frá 29. des. 1948, en þau fengu gildi 1. jan. 1949.

Þá er og leitt í ljós, að fullgild beiðni til lögreglustjórans í Reykjavík um skráningu bifreiðarinnar hafi ekki komið fram fyrir en 12. jan. 1949, og er með öllu ósannað, að skrifstofa hans hafi átt nokkra sök á þeim drætti.

Samkvæmt 31. gr., 1. mgr., áminnztra laga skal greiða 20% af matsverði bifreiða, sem seldar eru, og er gjald þetta innheimt samkv. 3. mgr. sömu greinar, um leið og bifreiðin er skrásett á nafn hins nýja eiganda. Af þessum ákvæðum svo og með hliðsjón af reglugerð, út gefinni af fjármálaráðuneytinu 11. jan. 1949, verður að ráða, að gjaldskyldan miðist við skráningardaginn, og þar sem fullgild beiðni um skráningu kemur fyrst fram eftir gildistöku laganna, þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður út af þessum ágreiningi, þykir rétt, að falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.